

L Ö G

um breyting á lögum nr. 37 29. apríl 1946, um áhrif kjötverðs
á framfærsluvísitölu.

61

25. maí

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki
voru:

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Rétt til niðurgreiðslu samkvæmt 2. gr. hafa þó ekki:

1. Þeir, sem hafa landbúnað að atvinnu að einhverju leyti.
2. Atvinnurekendur, sem hafa 3 menn eða fleiri í þjónustu sinni.
3. Þeir, sem fá laun sín greidd að nokkru eða öllu leyti með fæði.
4. Þeir, sem hafa hreinar tekjur, sem nema persónufrádrætti margfölduðum með 2,5 eða meira, umreiknuðum með þeirri vísitölu, sem umreikningur tekua miðast við á hverjum tíma. Nú eru hreinar tekjur lægri en að framan greinir, en þó ekki þeim mun lægri sem niðurgreiðslunni nemur, og skal þá borga hluta hennar unz tekjurnar að viðbætti niðurgreiðslu nema 2,5 sinnum persónufrádrætti samkvæmt framansögðu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og skulu ákvæði þeirra lögð til grundvallar við útreikning og framkvæmd niðurgreiðslna frá 20. september 1948 að telja.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1949.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

L Ö G

um eignarnám á lóðum vegna bygginga fyrir Menntaskólann í Reykjavík

62

25. maí

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki
voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að láta taka eignarnámi eftirtaldar lóðir í Reykjavík og mannvirki, er á þeim standa, vegna bygginga fyrir Menntaskólann í Reykjavík:

- a. Nr. 2 c og 4 a við Amtmannsstíg.
- b. Nr. 7 við Bókhöðustíg.
- c. Neðri hluta lóðarinnar nr. 14 við Þinghóltsstræti, allt að 105 flatarmetrum.